

Titill: Frá nýrómantík til samtímans (íslenska 5)

Lýsing

Í áfanganum fá nemendur yfirsýn er bókmenntir 20. aldar og til dagsins í dag með lestri valinna verka. Verk nokkurra helstu höfunda tímabilsins eru lesin, greind og túlkuð og sett í samhengi við menningar- og bókmenntasögu 20. og 21. aldar. Ein nýleg skáldsaga er lesin og unnið með hana á fjölbreyttan hátt. Þeirri vinnu lýkur með munnlegu prófi. Ritgerð áfangans er um nýja ljóðabók. Farið er í leikhús á önninni og stefnt að því að sjá leiksýningu sem tengist efni áfangans. Þar sem þessi áfangi er lokaáfangi kjarna í íslensku á öllum brautum er lögð sérstök áhersla á sjálfstæð og öguð vinnubrögð í ritgerðarsmið og allri annarri vinnu.

Forkröfur: ÍSLE3DD05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu höfundum, verkum og stefnum í íslenskum bókmenntum á 20. og 21. öld.
- Ólíkum bókmenntastefnum og tengslum íslenskra bókmennta við helstu strauma og stefnur Evrópu á tímabilinu.
- Hugtökum bókmenntafræðinnar við greiningu og túlkun bókmennta og annarra texta.
- Bókmenntalegu, sögulegu, félagslegu, menningarlegu og pólitísku samhengi í textum sem fjallað er um í áfanganum.
- Orðaforða til að lesa hvers kyns texta.
- Heiðarlegum og góðum vinnubrögðum við eigin ritgerðarsmið.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa ritgerð sem byggð er á eigin rannsókn og sjálfstæðri úrvinnslu.
- Vinna á sjálfstæðan og heiðarlegan hátt.
- Tjá sig á blæbrigðaríku máli.
- Miðla þekkingu sinni með mismunandi aðferðum og ólíkum tjáningarformum.
- Greina ólíka bókmenntatexta og geta beitt viðeigandi hugtökum af öryggi.
- Vinna úr bókmenntatextum og umfjöllun um bókmenntir og geta tengt við eigin reynslu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrifa grípandi og vel uppbyggðan texta á viðeigandi málsniði.
- Beita gagnrýninni hugsun við túlkun krefjandi bókmennta til að taka þátt í umræðu um bókmenntir, bæði færa rök fyrir máli sínu og hlusta á rök annarra.
- Átta sig á mikilvægi bókmennta ólíkra menningarheima til að þroska umburðarlyndi sitt og efla samkennd í fjölbreyttum heimi.
- Miðla upplifun sinni af lestri bókmennta á skapandi hátt í ræðu og riti.

Námsmat

Námsmat byggir á fjölbreyttri verkefnavinnu munnlegri og skriflegri, ritgerð og prófi. Notaðar eru margs konar matsaðferðir.